

Diplóma um nám fullorðinna



Fyrir fólk sem vinnur við það að styðja við nám fullorðins fólks og vill auka öryggi sitt í starfi, skilja betur það sem býr að baki starfinu og kunna aðferðir sem leiða til árangurs.

Menntavísindasvið Háskóla Íslands býður upp á gagnlega leið í starfsþróun fólks sem vinnur við það að styðja við nám fullorðinna: **Diplómanám um nám fullorðinna.**

"Diplóma í uppeldis og menntunarfræði, með áherslu á nám fullorðinna"

Viltu styrkja þig í starfi?

- Viltu áhugaverðar umræður um hugmyndir og aðferðir í tengslum við starfið þitt?
- Viltu ná betra valdi á miðlægum verkefnum í starfi þínu?

Um er að ræða **30 eða 60 eininga nám** samhliða starfi. Tvö námskeið sem mynda kjarna námsins eru 10 eininga námskeið, annað leggur hugmyndafræðilegan grunn undir námið og starfið, hitt styður fólk í því að þjálfa upp hagnýt vinnubrögð við það að skipuleggja nám fyrir fullorðna og framkvæma það.

Næstu námskeið taka öll fyrir afmarkað svið starfsins með fullorðnum námsmönnum, þau má iðulega tengja beint inn í daglegt starf. Verkefni sem þátttakendur vinna á námskeiðunum eru iðulega beintengd verkefnum í starfi. Í sumum tilfellum geta þátttakendur fengið aðra af námskeiðinu með sér í lið við að vinna að tilteknum þróunarverkefnum á sínum starfsstað.

2 Skyldunámskeið sem leggja grunninn að náminu:

- NAF003F Fullorðnir námsmenn og aðstæður þeirra 10e
- NAF002F Skipulagning og framkvæmd fræðslu með fullorðnum 10e

1-4 hagnýt námskeið - um afmarkað verkefni fullorðinsfræðara: bundið val

- NAF005F Markaðssetning fræðslutilboða fyrir fullorðna 5e
- NAF201F Greining á fræðsluþörfum í símenntun 5e
- NAF001F Gæðastjórnun í símenntun 5e
- NAF004F Mat og vottun á þekkingu og færni fullorðinna 5e

1-2 námskeið með áherslu á hagnýta hæfni. Nemandi safnar saman þremur stuttum (yfirleitt 2ja daga) námskeiðum til að ljúka einu 5 eininga námskeiði. Mögulegt er að taka eitt eða tvö slík námskeið:

- UME001M Gagnvirk og eflandi menntun I 5e
- UME007M Gagnvirk og eflandi menntun II 5e

20 einingar valnámskeið valin af lista og í samræði við formann kjörsviðsins (60e diplómunámið)

[Lýsing á 60 diplómanáminu í kennsluskrá](#) [30e Diplómanám](#)

[Almenn kynning á diplómanámi í uppeldis og menntunarfræði](#)

Umsóknarfrestur í diplómanámið er til 5. júní.

Öll þessi námskeið má líka taka eitt og eitt án þess að sækja sérstaklega um Diplómanám eða Meistaránám, með því að skrá sig hjá [Endurmenntun Háskóla Íslands](#)